

Hinrika ehf.
Laugavegi 176
105 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2018
UST201712-086/I.M.B.
09.06.01

Efni: Breyting á leyfi til kvíkmyndatöku í Undirhlíðarnámu í Reykjanesfólkvangi
Þann 8. janúar sl. veitti Umhverfisstofnun Rannveigu Jónsdóttur, fyrir hönd Hinriku ehf, leyfi til kvíkmyndatöku í Undirhlíðarnámu innan Reykjanesfólkvangs þriðjudaginn 9. janúar 2018. Umsækjandi tilkynnti Umhverfisstofnun 9. janúar að vegna veðurs hefði þurft að hætta tökum eftir að þær hófust og þörf væri á að halda verkinu áfram síðar. Með tölvupósti þann 10. janúar til Umhverfisstofnunar óskaði umsækjandi eftir breytingu á dagsetningu áður útgefins leyfis á þann hátt að það myndi gilda til laugardagsins 20. janúar. Var það gert með tilliti til veðurspár á svæðinu. Með tölvupósti þann 16. janúar tilkynnti umsækjandi Umhverfisstofnun að vegna veðurs væri ekki unnt að fara í verkefnið innan tilskilinna tímamarka. Þann 31. janúar óskaði umsækjandi eftir leyfi til að fara í verkefnið þann 8. febrúar 2018. Með tölvupósti þann 6. febrúar tilkynnti umsækjandi Umhverfisstofnun að vegna veðurs var kvíkmyndatökunum frestað um óákveðinn tíma. Þann 12. apríl 2018 óskaði umsækjandi eftir leyfi til að fara í verkefnið, með óbreyttri verklýsingu, þann 30. apríl 2018.

Fólkvangurinn á Reykjanesi er friðlýstur, sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir kvíkmyndatökum, í Undirhlíðarnámu (63.99758°N 21.89113°W) sem er innan Reykjanesfólkvangs, 30. apríl 2018. Fjöldi starfsfólks verður á bilinu 50-60. Auk tækjabúnaðar til kvíkmyndatökunnar verða notaðir tveir stórir trukkar, tveir kassabílar, fimm sendibílar og einn 18 m aðstöðubíll auk nokkurra fólbsbíla. Verður leikmyndabíl komið fyrir inni í námunni þar sem kveikt verður í honum. Verður bíllinn undirbúinn fyrir brunann á þann hátt að allt verður tekið innan úr honum, þ. á m. sæti og vélar. Í íkveikjuna verða notaðir allt að átta 11 kg Propane gaskútar. Inni í bílnum verða sérstök götuð rör sem hleypa út úr sér gasi þannig að eingöngu gasið brennur inni í bílnum. Notuð verða 8 CO₂ slökkvitæki. Að hámarki verða notaðir 600 lítrar af vatni ef þarf. Til að koma í veg fyrir að efni úr brunanum berist í jarðveginn hefur öllum vökvum verið tappað af bílnum og rafgeymir og sæti verða fjarlægð. Verður brunanum háttad þannig að dekkin munu ekki brenna, heldur verða logar einungis inni í bílnum. Undir bíllinn verða settar 2 stórar blikplötur (200 L x 150 B). Ekki er gert ráð fyrir að þurfa að hreinsa jarðveg með sértækum aðgerðum þar sem ráðstafanir eru gerðar til að efni fari ekki í jarðveginn. Gert er ráð fyrir að takmarka umferð, annarra en starfsfólks verkefnisins, um svæðið á meðan tökum á brunanum stendur. Frágangur eftir verkefnið mun fara fram daginn eftir tökur.

Áhrifamat:

Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralífi eða mannvirkjum. Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrustu varkárni í meðferð elds og eldunartækja, sbr, 1. mgr. 28. gr. laga nr. 60/2013.

Eins og framkvæmdinni er lýst hér að ofan er ekki talið líklegt að hún hafi neikvæð áhrif á svæðið sé mengunarvörnum fylgt eftir. Framkvæmdin fer fram á áður röskuðu svæði, þ.e. ófrágenginni námu þar sem gróður er í lágmarki svo ekki er talin hætta á gróðureldum ef slys verða við framkvæmdina.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir, fyrir sitt leyti, leyfi til kvíkmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs þann 30. apríl 2018, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlegast hafið þetta bréf meðferðis þegar unnið er við kvíkmyndatökuna.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara um hvenær verkefnið hefst.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun þegar frágangi er lokið og senda stofnuninni myndir af fráganginum.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur og þess gætt að munir og sorp dreifist ekki um svæðið.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Mat á mengun jarðvegs þarf að fara fram ef slökkvivatn fer í jarðveg og vinna áætlun um úrbætur ef þarf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Gæta skal ýtrastu varkární í meðferð elds og eldunartækja. Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki eftir verkefnið og að vandað verði til frágangs að því loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum og þess gætt að mengandi efni berist ekki í jarðveginn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kynna skal fyrir starfsfólk skilyrði þessa leyfis áður en undirbúningur og vinna hefst.

Umhverfisstofnun bendir á að samþykki eiganda/réttthafa námunnar þarf fyrir kvíkmyndatökunum. Sækja þarf um leyfi til Hafnafjarðarbæjar sem og annarra tilskilinna leyfa vegna meðferðar elds á víðavangi.


Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að rétt sé að hafa samband við Vegagerð og lögreglu vegna tímabundinna lokana vega vegna kvíkmyndatökunnar og við Slökkviliðið vegna brunans.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir leyfi til kvíkmyndagerðar á friðlýstum svæðum er kr. 52.600 kr., sbr. gr. 24 b í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.


Sigrun Ágústsdóttir
Sviðsstjóri

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

Virðingarfyllst


Pórdís Vilhelmina Bragadóttir

Sérfræðingur

+354 591 2000
www.ust.is